

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 12. febrúar 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir og Karl Rúnar Þórsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Árni Steinar Stefánsson frá ASÍ boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Fulltrúi frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

Frestað. Samþykkt að ræða á næsta fundi starfstengt nám fyrir sveitarfélögin og aðkomu þeirra að skipulagningu þess náms.

2. Skil á gögnum vegna starfsþróunarnámskeiða

Starfsþróunarnefnd samþykkir að frestur verði gefinn til 15. apríl 2018 til að skila gögnum vegna starfsþróunarnámskeiða með gildistíma frá 1. janúar 2018. Eftir 15. apríl gilda reglur starfsþróunarnefndar um að launabreytingar samkvæmt gr. 10.2.1 taki gildi næstu mánaðarmót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um lok náms, enda hafi þau borist fyrir 15. dag mánaðarins.

3. Erindi frá Hafnarfjarðarbæ

Lagður fram listi frá Hafnarfjarðarbæ yfir starfskjaratengd námskeið sem tekin voru fyrir meira en fimm árum síðan. Samþykkt að óska eftir betri upplýsingum frá sveitarfélaginu.

4. Mat á námi eldra en fimm ára

Meginreglan er sú að meta ekki nám sem er eldra en fimm ára en í þeim tilvikum sem nám, tekið fyrir meira en fimm árum og starfsmaður er enn í starfinu, er heimild til að meta það til persónuálags.

Sé vafi eða ágreiningur um mat á námi, skal senda erindi til starfsþróunarnefndar sem úrskurðar um hvert mál.

5. Mat á námi sem uppfyllir grein 10.2.3 um a.m.k. 2 ára nám á framhaldsskólastigi

Samþykkt að fresta umræðu til næsta fundar.

6. Viðbótarnám, leikskólaliði

Viðbótarnám fyrir leikskólaliða og félagsliða hefur verið bætt við lista þeirra sem hafa lokapróf á framhaldsskólastigi.

7. Drög að lista yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna

Lögð fram drög að lista yfir starfstengt nám fyrir Félag skipstjórnarmanna.

Samþykkt að fara yfir listann með Félagi skipstjórnarmanna og leggja hann fram að nýju á næsta fundi.

8. Reglur starfsþróunarnefndar

Fyrsta útgáfa af reglum starfsþróunarnefndar ásamt listum yfir námskeið samþykkt. Reglur og listar verða birt á heimasíðum sambandsins og stéttarfélaganna.

Til áréttingar er nefndin sammála að halda áfram útfærslu á samsettum námskeiðum sem nýtast ákveðnum hópum starfsfólks.

Næsti fundur nefndar verður 26. Febrúar 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00